

Foreldraráð Núps - Fundargerð

- Fundur nr.:** 2 – skólaárið 2017/2018.
- Staður:** Núpalind 3
- Dagsetning:** 15.nóvember 2017.
- Tími:** 15:30
- Fundarritari:** Árdís Ýr Pétursdóttir
- Mættir:** Svana Kristinsdóttir leikskólastjóri, Árdís Ýr Pétursdóttir, Björg Rún Óskarsdóttir og Kristín Fanney Þorgrímsdóttir
- Dagskrá:** Mannekla og lokanir á deildum á Núp

Ákveðið var í kjölfar bréfs frá foreldri til leikskólans og foreldrafélagsins að boða til fundar í foreldraráð fyrir en áætlað var vegna ástands í leikskólanum vegna mikilla veikinda starfsfólks/manneklu og lokunar deildar vegna þess. Viðkomandi foreldri hvatti til aðgerða og var það eina efni fundarins.

Leikskólastjóri upplýsti fundarmenn um stöðu mála en mikil veikindi hefði verið á starfsmönnum skólans. Starfsfólk væru hreinlega bugðir af álagi. Ofan á fjarveru v. veikinda vantar starfsmenn í u.þ.b. eina og hálfu stöðu til að vera með fulla mönnun. Einn starfsmaður hefur skilað inn uppsagnarbréfi vegna álags og hættir eftir viku eða 20. nóvember. Það stefnir því allt í að það verði fleiri lokanir ef áfram sem horfir.

Rætt var um að fleiri leikskólar í Kópavogi séu í sömu stöðu. Við ræddum um að foreldraráðin í þessum leikskólum myndu hittast og krefjast aðgerða af Kópavogsbæ. Rætt var um að foreldraráðið í leikskólanum í Fífusölum myndi sjá um að boða hin foreldraráðin á fund til að ræða aðgerðir.

Fundi lauk kl. 16:15